

**Fundargerð 371. fundar  
framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,  
haldinn 21. ágúst 2019, kl. 15.30 að Grensásvegi 16.**

**Fundinn sátu:**

Sandra B Franks, formaður  
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður  
Jóhanna Traustadóttir, ritari  
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

**Fundarritun:**

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

**Dagskrá**

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. **Kjaramál, kjaraviðræður staðan nú**
  - Fundir BSRB með ríkinu
  - Fundir SLFÍ með:
    - Ríki
    - Reykjavíkurborg
    - SNS
    - SFV
4. Félagsstjórnarfundur 9. október, tillaga að dagskrá
5. Trúnaðarmannaráðsfundur 10. október, tillaga að dagskrá
6. Flug og gisting vegna EPN aðalfundar og ráðstefnu í Tromsø 3. / 4. til 7. júní 2020.
7. Ráðstefna um vaktavinnu í Coeur D'alene, Idaho USA dagana 9/9 til 13/9
8. Hjúkrunarráð - kynning á tilraunaverkefni.
9. Jafnlaunavottun á LSH
10. Námsmatskerfið, framvinda

**Önnur mál**

**Fundargerð**

**1. Fundur settur**

Sandra B Franks (SBF) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fyrsta fund framkvæmdastjórnar að loknu sumarleyfi.

**2. Fundargerð síðasta fundar**

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á netið.

### **3. Kjaramál, kjaraviðræður**

- SBF gerði grein fyrir þeim fundum sem verið hafa á vegum BSRB við ríkið að loknu sumarhléi. Á síðasta fundi fyrir sumarleyfi varð samkomulag um að ríkið greiddi svokallaðar tafabætur/innágreiðslu sem greiddar voru 1. ágúst. Ákveðið var að friðarskylda ríkti meðal samningsaðila til 15. september. Á fundum BSRB með ríkinu hefur einnig verið rætt um lífeyrismál, veikindakaflann, launaþróunartrygginguna o.fl. Fulltrúar BSRB hafa kynnt „Sænsku“ reglurnar um skipulag vinnu og félagslega þætti, sem stuðla eiga að bættu starfsumhverfi og styðja við kröfuna um styttingu vinnuvikunnar.
- Sveitarfélögin og Reykjavíkurborg fóru sömu leið og ríkið þ.e. greiddu út svokallaðar tafabætur/innágreiðslu sem greiddar voru 1. ágúst.
- Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu treystu sér ekki til að ábyrgjast að allar aðildarstofnanir þeirra myndu greiða tafabæturnar og fóru fram á að stéttarfélag undirrituðu samkomulag þ.s. fram kom ákveðinn fyrirvari vegna þeirra stofnana sem hugsanlega myndu greiða tafabætur að þær kæmu til frádráttar þegar samningar næðust, en stéttarfélögin munu á móti krefjast leiðréttingar á launum þeirra sem starfa hjá þeim stofnunum sem ekki greiða tafabætur. Gert var ráð fyrir að þær stofnanir sem myndu greiða bæturnar gerðu það ekki fyrr en um mánaðamótin ágúst – september.
- Fulltrúar SLFÍ hafa átt tvo fundi með samninganefnd Reykjavíkurborgar eftir sumarhlé þ.s. farið hefur verið yfir stöðuna og þá aðallega menntamál sjúkraliða og mat á menntuninni og þau atriði sem SLFÍ telur að vanti inn í samning félagsins við borgina.
- SBF fór yfir sértæka hækkun á launatöflu hjá félagsmönnum Verkalýðsfélags Akraness, en þær hækkunir hafa ekki komið til annarra stéttarféлага. Málið verður rætt og skoðað frekar.
- Engir fundir hafa verið með SFV eða SNS varðandi kjarasamninga.

### **4. Félagsstjórnarfundur 9. október, tillaga að dagskrá**

SBF fór yfir drög að dagskrá félagsstjórnarfundarins og fram komu ákveðnar ábendingar, sem færðar voru inn í dagskránnu.

### **5. Trúnaðarmannaráðsfundur 10. október, drög að dagskrá**

SBF fór yfir drög að dagskrá fundarins og voru þau rædd og samþykkt.

### **6. Flug vegna EPN aðalfundar og ráðstefnu í Tromsø 3. til 7. júní 2020.**

SBF gerði grein fyrir að Kristín Ólafsdóttir hefði yfirumsjón með utanumhaldi og ferðatilhögun. Málið er í vinnslu og beðið er eftir staðfestingu frá stjórnarmönnum á þátttöku þannig að hægt sé að ganga frá fluginu.

### **7. Ráðstefna um vaktavinnu í Coeur D´alene, Idaho USA dagana 9/9 til 13/9**

SBF fór yfir dagskrá ráðstefnunnar og sagði að ákveðið væri að GÖG færi á ráðstefnuna á vegum SLFÍ og vitað er að fulltrúar verði frá LSH og BSRB.

### **8. Hjúkrunarráð LSH– kynning á tilraunaverkefni**

SBF fór yfir að vilyrði væri fyrir tveimur sjúkraliðum sem áheyrnarfulltrúum í hjúkrunarráð LSH og að finna þyrfti öflugra sjúkraliða sem áhuga hefðu á að taka þátt í þessu tilraunaverkefni. Kynning á ráðinu verður í nóvember.

#### **9. Jafnlaunavottun/starfsmat á LSH**

SBF og GÖG fóru yfir að til stæði að fara í starfsmat á LSH, sem hugsað er m.a. sem jafnlaunatæki á LSH til að fá jafnlaunavottun. Fjöldi sjúkraliða hefur fengið boð á vinnufundi þ.s. lagt verður mat á störf sjúkraliða á LSH. GÖG verður fulltrúi félagsins í starfsmatinu.

#### **10. Námsmatskerfi, framvinda**

SBF fór yfir að hún og Birna Ólafsdóttir skrifstofustjóri SLFÍ hefðu átt fund með fulltrúum apmedia sem sjá um smíðina/uppfærsluna á námsmatskerfinu samkvæmt samningi sem gerður var við fyrirtækið. Uppfærslan á að leiða til þess m.a. að öll menntun sjúkraliða sem skráð er inn til félagsins á að geta orðið til staðar á „mínum síðum“ félagsins. Fram kom á fundinum að vinnan er á lokametrunum og ætti að geta opnast fljótlega.

#### **Önnur mál**

Engin önnur mál

Fundi slitið kl. 17.10